

skript súa, sem fylgir dómsgjörðunum, er eigi formlega staðfest, en af framleggingaráteiknun dómara má sjá það, að þessi sama prófsútskrift hefur verið notuð við rekstur málsins í hjerði bæði af dómara og verjanda hins ákærða. Að öðru leyti hefur meðferð málsins í hjerði verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Einar Jósepson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Svo greiði hann og allan löglegan kostnað sakar þessarar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til verjanda í hjerði Hóseasar Bjarnasonar 4 kr. og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 22/1889

Rjettvísun

gegn

Guðnýju Gísladóttur

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Árnassýslu, uppkveðnum 14. jan. p. á., er hin ákærða Guðný Gísladóttir dæmd fyrir einfaldan þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga og til að greiða allan kostnað sakarinnar. Þessum dómi hefur hlutadeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hún hafi stolið 9 kr. í peningum úr læstu kofforti, er stóð úti í skemmu á heimili hennar Hafliðakoti; peninga þessa átti vinnumaður á sama bæ, Jóhannes Sæmundsson. Hin ákærða fór fyrst í koffortið um rjettaleytið í haust, og tók þá úr því 4 kr.; voru peningarnir í ólæstum kassa í koffortinu, en koffortslykilinn tók ákærða undan rúmkodda í baðstofunni, þar er hann var geymdur; lykkillinn að skemmuni stóð í skránni. Síðar í haust fór hún aptur tvívegis í koffortið með hinum sömu atvikum og í fyrsta skiptið. Tók hún þá úr koffortinu í fyrra sinnið 4 kr., og í síðara sinnið 1 kr. Fyrir sumt af hinum stolnu peningum ljet hún kaupa ýmislegan munaðarvarning í kaupstað, suma þeirra gaf hún hinum og þessum, og 1 kr. lánaði hún nafngreindum manni. Iðgjalda hefur eigi verið krafizt fyrir hið stolna.

Hin ákærða er fædd 8. okt. 1870, og virðist þá eptir hinum óljósu skýrslum málsins verða að álíta, að hún hafi framið fyrsta þjófnaðinn áður en hún varð fullra 18 ára. Hún hefur eigi áður verið dæmd fyrir neinn glæp. Afbrot hennar ber að heimfæra undir 230. gr. sbr. 38. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin af hjeradsdómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með því að einnig verður að samþykkja málskostnaðar-fyrirmæli aukarjettardómsins, ber að staðfesta tjeðan dóm. Hin ákærða verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningsslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur máls þessa í hjerði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hin ákærða Guðný Gísladóttir greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 21/1889

Hið opinbera
gegn
Einari Zoëga.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í máli þessu, er það löglega sannað, að gestgjafi Einar Zoëga hafði gesti inni í veitingahúsi sínu hjer í bænum, er sátu að drykkju nóttina milli 16. og 17. febr. síðastl., eða eptir miðnætti. Fyrir þetta athæfi sitt er hann með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur kaupstaðar 27. febr. p. á. sektaður um 10 kr. til lögreglusjóðs Reykjavíkur og dæmdur í málskostnað, en dómi þessum er að beiðni hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Með auglýsingum lögreglustjórans í Reykjavík 11. júní og 5. október 1878, samþykktum af hlutaðeigandi amtmanni, er veitingamönnum bæjarins meðal annars